

kvæmt rentukammerbrjefi 23. maí 1840, sbr. enn fremur landshöfðingjabrjef 6. júlí f. á. **91**
(Stjtið. B, bls. 83) að heimta afgreiðslugjald af skipi, þó það komi inn á höfn, eða, eins 6. ágúst.
og átti sjer stað í tilfelli því, er hjer ræðir um, leggist fyrir utan höfnina, ef það
hvorki affermir þar nje fermir.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um lán **92**
handa sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. — Með brjefi þessu voru sýslunefnd Suður- **17. ágúst.**
-Þingeyjarsýslu veittar 1800 kr. að láni úr viðlagasjóði í viðbót við 5000 kr. lán, er
sýslunefnd þessi hafði áður fengið úr sama sjóði handa Magnúsi Þórarinssyni á Hall-
dórstöðum til að fullkomna tövinnuvjelar. Eiga nefndar 1800 kr. að endurborgast á
næstu 20 árum með 90 kr. á ári auk 4% árlegra vaxta.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um **93**
hallærislán handa Húnavatns og Skagafjarðarsýslum. — Með brjefi þessu var Húna- **26. ágúst.**
vatns og Skagafjarðarsýslum heitið allt að 10000 kr. hallærisláni, hvorri um sig, úr
landssjóði í sumar eða haust, með þeim kjörum að greiddir verði í árlega vexti 4 af
hur draði af lánum þessum og þau sjálf endurborguð með $\frac{1}{10}$ árlega. En jafnframt var
amtmanni boðið að hafa strangar gætur á því, að nefnd sýslufjelög taki ekki meira fje
að láni en það, sem er óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra yfirvofandi manndauða
í sýslum þessum.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um sölu á kirkjujörð **94**
— Með brjefi þessu var stiptyfirvöldunum tilkynnt að hans hátnu konunginum hafi **27. ágúst.**
þóknast 28. júlí þ. á. allramildilegast að fallast á, að jörðin Karlskáli í Reyðarfjarðar-
hreppi í Sudurmúlasýslu, sem nú er eign Dvergasteins prestakalls, verði seld ábúanda
þeim, sem nú er á jörðinni, Eiríki Björnssyni, fyrir 4500 kr. þannig að kaupandi greiði af
jörðinni eptir kaugin tíund og önnur gjöld til hins opinbera, sem á bændaeignum
hvíla.

Jafnframt var stiptyfirvöldunum boðið að annast um, að söluverð jarðar þess-
arar verði, þegar er það greiðist, sett á vöxtu og geymt sem föst innstæða Dvergasteins
prestakalls undir stjórn biskups.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um flutn- **95**
ing á þingstað Seyðisfjarðarhrepp. — Út af erindi hreppsnefndarinnar í Seyðisfjarðar- **3. sept.**
hreppi 26. febr. þ. á. og meðmælum sýslumannsins í Nordurmúlasýslu, svo og tillögum
yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 17. maí þ. á., vil jeg hjer með veita sam-
þykki mitt til, að þingstaðurinn í Seyðisfjarðarhreppi verði eptirleiðis á Fjarðaröldu, þar
sem hreppurinn á þar til hæfilegt hús.

Þetta bið jeg yður tilkynna hlutadeigendum.